II. 1.-1886 №921.

Jeg undirskrifaður Bergur Thorberg, amtmaður, gjöri hjermeð kunnugt: að jeg samkvæmt kaupgjörningi dagsettum 20. marz 1879 hefi selt herra Þorvaldi Arasyni á Flugumýri minn eignarhluta, 40 hdr að fornu mati, í jörðinni Flugumýri í Akrahreppi innan Skagafjarðarsýslu, fyrir kaupverð að upphæð 2800 kr., er tvö þúsund og átta hundruð krónur.

Og þareð kaupandinn hefir gjört mjer skil fyrir þessu kaupverði á umsaminn hátt: með því að greiða mjer í peningum 1800 kr., er eitt þúsund og átta hundruð krónur, og með því að taka að sjer veðskuld, að upphæð 1000 kr., er eitt þúsund krónur, er á jörðinni hvíldi til sparisjóðsins í Reykjavík — þá afsala jeg hjermeð ofangreindan hluta af jörðinni Flugumýri, 40 hdr að fornu mati, frá mjer og mínum erfingjum til ofannefnds Þorvaldar Arasonar og hans erfingja til fullrar eignar, með öllu því sem eign þessari fylgir og fylgja ber að lögum. Í sölu þessari er fólgin kirkjan á Flugumýri með öllum þeim rjettindum og skyldum, er henni fylgja, að tiltölu rjettri.

Kaupandi heldur kaupi sínu til þinglýsingar á sinn kostnað, en seljandi svarar til lagaripstinga.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og innsigli.

Reykjavík, 31. dag marzm. 1881.

Bergur Thorberg

Viðstaddir vottar:

Páll Jóhannesson

H. Jónsson

vertatur

Ár 1882 föstudaginn 12. janúar er afsalsbrjef þetta meðtekið til fyrirfram innritunar í Kaup- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu, og verður geymt til þinglýsingar að vori komanda, vottar.

E. Briem

Þinglýst á manntalsþingi að Ökrum 22. maí 1882, og ritað í Kaup og veðmálabók Skagafjarðarsýslu, vottar.

E. Briem

Gjald í landssjóð:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þinglýsing | 4.00 | | |
| Bókun | 0.25 | 4.25 | 18.25 |
| Fasteignarsölugjald ½% | | 14.00 | |

átján krónur tuttugu og fimm aurar

Borgað E. Br.